

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. janúar 2015

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 með síðari breytingum (markmið, stjórnsýsla og almenn ákvæði). – 322. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 5. desember 2014, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Tryggingastofnun leyfir sér að fagna markmiðsákvæði frumvarpsins svo og þeim ákvæðum sem auka skýrleika laganna m.a. fyrirsögnum á lagagreinum sem er til mikilla bóta..

Tryggingastofnun telur þó að nokkur atriði frumvarpsins megi betur fara og leyfir sér því að gera eftirfarandi athugasemdir:

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins:

1. gr.

1) 5. tl. b. liðar (2. gr.) 1. gr. Mælt er með að skilgreining á „búsetu“ verði ítarlegri og verði þannig: „*Sannanleg búseta hér á landi svo og*“ lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

2) Við 1. mgr. d. liðar (4. gr.) sömu greinar bætist við sá sem er búsettur „*og með lögheimili*“ hér á landi telst tryggður að uppfylltum öðrum skilyrðum laga þessara nema annað leiði af milliríkjasamningum.

3) 3. mgr. d. liðar (4. gr.) 1. gr. Æskilegt væri að ákvæðið væri skýrara svo heimild TR til ákvörðunar um tryggingaréttindi sé ekki dregin í efa. Í stað „*Tryggingastofnun ákvarðar...*“ kæmi: „*Þrátt fyrir opinbera skráningu um lögheimili á Íslandi getur Tryggingastofnun ákvarðað*“ hvort einstaklingur telst tryggður hér á landi skv. lögum þessum.

Þetta yrði að skoða með hliðsjón af athugasemdum 1) og 2) við greinina.

2. gr.

1) d. liður 2. gr. Tryggingastofnun telur eðlilegt að lögbundið sé að aðalskrifstofur stofnunarinnar séu á höfuðborgarsvæðinu enda býr þar mikill meirihluti viðskiptavina stofnunarinnar. Fjöldi viðskiptavina er um 55 þúsund manns og stór hluti þeirra sækist eftir persónulegri þjónustu sem mikilvægt er að hafa aðgengilega með tilliti til viðskiptavinahópsins sem eru aldraðir og öryrkjar. Þá er nauðsynlegt að stofnunin hafi gott vald á starfsemi sinni um allt land og á það m.a. við um þjónustu við viðskiptavini, hæfni starfsmanna, tæknibúnað og aðstöðu. Staðsetning þjónustustöðva um landið tæki jafnframt mið af því hvar flestir viðskiptavina stofnunarinnar eru búsettir.

2) Minnt er á ábendingu í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2007 um að í stað stjórnar verði ráðuneytið styrkt á málavíði stofnunarinnar.

9. gr.

1) Greinin fjallar um ósamrýmanleg réttindi og skörun bóta, eins og fyrirsögnin hljómar. Hér þyrfti því einnig að taka afstöðu til þess hvort hefðbundin fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sem greidd er fyrir sama tímabil og bætur skv. lögum þessum eigi að fara saman.

Í ákv. 16 gr. núgildandi laga kemur fram að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hafi ekki áhrif á greiðslu bóta. TR telur óeðlilegt að einstaklingar geti notið tvöfaldrar opinberrar framfærslu. Standi vilji löggjafans hins vegar til þess að koma til móts við einstaklinga sem fá greiðslur/styrki frá sveitarfélögum af tilteknum tímabundum orsökum væri eðlilegt að fjalla sérstaklega um það í lagatextanum.

2) Í 9. mgr. núgildandi 48. gr. er ákvæði um að heimilt sé að greiða bætur sem *eigi séu lægri en 1.931 kr. á dag....* Tryggingastofnun telur eðlilegt að hér verði sett tiltekin föst fjárhæð á dag í stað lágmarksviðmiðs og textinn „eigi séu lægri en“ verði felldur niður, eða að einnig verði sett hámarksupphæð á þessar greiðslur. Einnig er þörf á að í ákvæðinu komi fram að með reglugerð megi takmarka fjölda daga á mánuði, sbr. úrskurð ÚRAL nr. 128/2014

11. gr.

Lagt er til að ákvæðið verði felld niður. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum. Tryggingastofnun hefur ekki nýtt sér þessa heimild enda telur stofnunin vafa leika á að hún samrýmist ýmsum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, m.a. 71. gr. og 72. gr. Vafi er á að ákvæðið sé í samræmi við meginreglur lögræðisлага.

13. gr.

1. mgr. Tryggingastofnun telur núgildandi ákvæði of óljóst og hefur það leitt til mismunandi túlkunar með tilheyrandi óvissu. Frumvarpið leysir ekki þann vanda. Stofnunin telur eðlilegast að miða upphaf réttinda við umsóknardag. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt þannig:

„Allar umsóknir skulu ákvarðaðar eins fljótt og kostur er og skal réttur ákvarðaður frá móttöku umsóknar þó ekki fyrr en skilyrði til bótanna eru uppfyllt. Bætur reiknast frá 1. degi næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur“.

4. mgr. Ef talin er þörf á heimild til greiðslu aftur í tímann væri það eingöngu í undatekningartilvikum og þá innan eðlilegs umbóttunartíma td. 3 – 6 mánaða og þá bættist við 2. mgr. sem hljóðar þannig:

„Ef um sérstakar aðstæður er að ræða er heimilt að greiða bætur allt að 3 mánuði aftur í tímann frá þeim tíma er umsókn og nauðsynleg gögn til að meta bótarétt berast Tryggingastofnun enda megi ekki rekja tafir til umsækjenda sjálfs.“

Helstu rök eru:

- Lífeyrisgreiðslur verða að teljast framfærslubætur og er óeðlilegt að sækja um framfærslubætur aftur í tímann því framfærslan hefur sannanlega átt sér stað og því er spurning hver þörfin sé. Þetta er auk þess í andstöðu við annað í þjóðfélaginu í dag td. atvinnuleysisbætur, félagslega aðstoð og sjúkrasjóði þar sem réttindin skapast almennt frá umsóknardegi.

- Ákvæði um afturvirkni sem er fyrst í almannatryggingalögum nr. 24/1956 er ekki eins mikilvægt nú og áður því nú er réttur á veikindalaunum, sjúkrasjóði stéttarféлага, lífeyrissjóði og mögulegt að fá endurhæfingarlífeyri þegar ekki er ljóst hver framtíðarþörfin er áður en til örorku kemur. Auk þess er félagsleg aðstoð sveitarféлага öryggisnet.
- Erfitt getur verið að meta nákvæmlega upphaf veikinda aftur í tímann t.d. þegar þau hafa stigversnað á löngum tíma eins og algengt er
- Meiri vitneskja er almennt í þjóðfélaginu um réttindin, bæði fagfólks og einstaklinga. Einnig er aðgangur greiður að stofnuninni.
- Viðhorf til að þiggja bætur er annað og jákvæðara í dag en var, þetta er réttur fólks en ekki skömm.
- Ákvæðið hér á landi er mun víðtækara en tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Í Danmörk og Noregi eru bætur ekki greiddar afturvirkir, Svíþjóð samþykkir bætur allt að 3 mánuði aftur í tímann og Finnland samþykkti bætur allt að sex mánuðum aftur í tímann.

TR lagði þessa tillögu að breytingu á lögum fyrir velferðarnefnd Alþingis í okt. sl. í tengslum við umræðu um rétt til afturvirkra greiðslna almannatrygginga og misvísandi túlkun úrskurðaraðila og álitsgjafa á því ákvæði. Ljóst er að skýra þarf ákvæðið svo góð sátt og samræmi verði um túlkum þess.

16. gr.

1) Athygli er vakin á því að umrædd breyting kallar á auknar upplýsingar frá fangelsismálayfirvöldum til TR.

2) Einnig er athygli vakin á því að gert er ráð fyrir að 2. mgr. nógildandi laga, um greiðslu bóta til þriðja aðila, standi óbreytt en með sömu rökum og við 11. gr. frumvarpsins. Tryggingastofnun hefur ekki nýtt sér þessa heimild enda telur stofnunin vafa leika á að hún samrýmist ýmsum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, m.a. 71. gr. og 72. gr. Vafi er á um að ákvæðið sé í samræmi við meginreglur lögræðis laga.

2. mgr. 20. gr.

Ekki er lengur gert ráð fyrir að meðlag falli undir almannatryggingar EES samningsins. Spurning er því hvort heimild til að semja um fyrirframgreiðslu meðlags eigi við.

25. gr.

Tilvísun til lagagreina er röng. Á trúleg að vera 24. gr. og fellur því hugsanlega út þar sem ákvæðið er orðið að lögum svo og b. liður, 2. tl. og 3. tl. 26. gr.

Tryggingastofnun minnir á mikilvægi þess að allar breytingar sem varða greiðslu eða réttindaávinnslu taki gildi um áramót. Mánaðargreiðslur eru samkvæmt lögum ákvarðaðar á grundvelli árstekna þ.a. taki lagabreytingar sem leiða til breytinga á greiðslum gildi á öðrum tíma árs hefur það margvíslegar afleiðingar og áhrif á greiðsluréttinn, eftirlit með greiðslum og endurreikning bóta.

1.tl. 26. gr.

Vakin er athygli á því að færast verkefni um vinnu öryrkja til Vinnumálastofnunar verður þeirri stofnun nauðsynlegt að fá upplýsingar frá Tryggingastofnun um stöðu viðkomandi öryrkja. Viðbúið er að slíkt þurfi nokkurn undirbúning auk þess sem það mun hafa í för með óhjákvæmilegan kostnað vegna breytinga á tölvukerfum. Eðlilegt er því að áætla um 6 mánaða tímabil til aðlögunar frá samþykkt frumvarpsins þar til að ákvæðið taki gildi.

a.liður 2. tl. 26. gr.

Tryggingastofnun fagnar þessu ákvæði þar sem það staðfestir framkvæmdina og tekur af allan vafa um að almannatryggingalögum verði beitt um ákvæði laga um félagslega aðstoð m.a. ákvæði 53. gr. almannatryggingalaga um bótatímabil þar sem segir að bætur reiknast frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.

Virðingarfyllt



Sigríður Lilly Baldursdóttir forstjóri